

Nýnemar á háskólastigi 1997–2007

New entrants in tertiary education 1997–2007

Samantekt Nýnemar á háskólastigi á Íslandi voru 3.379 haustið 2007 og hafði fjölgað um 70,7% frá hausti 1997. Nýnemar eru þeir nemendur sem stunda nám á háskólastigi á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands og hafa ekki áður stundað nám á háskólastigi á Íslandi. Bráðabirgðatölur fyrir haustið 2008 benda til þess að nýnemar hafi verið 3.667, eða fleiri en nokkurt ár frá 1997. Nýnemum fjölgaði mikið haustið 1999 og aftur haustin 2002 og 2003. Um 2.500 stúdentar útskrifast árlega úr íslenskum framhaldsskólum og því eru nýnemar mun fleiri en útskrifaðir stúdentar á Íslandi. Konur eru að jafnaði um 60% nýnema. Um 40% nýnema eru 21 árs og yngri en tíundi hver nýnemi er 40 ára eða eldri við upphaf háskólanáms. Haldist núverandi aldursskipting nýnema má ætla að 74,6% ungs fólks á Íslandi stundi háskólanám. Nýnemar í fræðilegu háskólanámi haustið 2007 voru 3.332 talsins, 333 hófu starfstengt háskólanám í fyrsta sinn og nýnemar í doktorsnámi voru 83 talsins. Nýnemum í doktorsnámi á Íslandi hefur fjölgað áttfalt frá haustinu 1997, þegar þeir voru 10 talsins. Rúmlega þriðjungur nýnema stundar nám í félagsvísindum, viðskiptafræði eða lögfræði. Fjöldi erlendra nýnema í íslenskum háskólum hefur fimmfaldast frá hausti 1997. Þeir eru einn af hverjum fjórum nýnemum á doktorsstigi og eru flestir frá löndum innan Evrópska efnahags-svæðisins. Endurskráðum nemendum hefur fjölgað þrefalt frá hausti 1997 og voru 2.754 haustið 2007. Endurskráðir eru þeir nemendur sem hafa hafið nám að nýju á háskólastigi eftir að hafa tekið sér námshlé í a.m.k. eitt skólaár. Flestir endurskráðir nemendur snúa aftur til náms á grunnstigi háskólanáms en endurskráðir nemar á meistarastigi haustið 2007 eru 1.055, níu sinnum fleiri en haustið 1997.

Inngangur

Upplýsingar byggðar á nemendaskrá Hagstofunnar

Hagstofa Íslands safnar saman upplýsingum um nemendur í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum á Íslandi á hverju hausti. Gagnasöfnunin miðast við fjölda nemenda um miðjan október. Þessi gögn mynda grunninn að nemendaskrá Hagstofu Íslands, sem nær aftur til ársins 1975. Gögn um nemendur Háskóla Íslands koma fyrst inn í nemendaskrána árið 1977 en frá því ári eru til heildstæðar upplýsingar um nemendur á háskólastigi á Íslandi. Fram til haustsins 1997 voru skólar beðnir um upplýsingar um nemendur í fullu námi í dagskóla en frá 1997 eru jafnframt teknir inn í nemendaskrána nemendur í hlutanámi, kvöldskóla og fjarnámi. Einnig var bætt við upplýsingum um kennsluform (dagskóla, kvöldskóla, fjarnám) og námshlutfall nemenda haustið 1997. Tölurnar um nýnema, sem birtast í þessu hefti, eru byggðar á tölum um nemendur á háskólastigi á Íslandi í nemendaskrá Hagstofunnar.



*ÍSNA M2008
menntunarflokkunin*

Nám er flokkað samkvæmt alþjóðlegu menntunarflokkuninni ISCED97, sem hefur verið gefin út á íslensku undir heitinu ÍSNÁM2008. Í flokkuninni er námi á háskólastigi skipt á tvö stig. Neðra stigið er stig 5, sem er einnig kallað háskólastig á íslensku, og nær yfir grunnnám og nám til meistaraþráðu. Stig 5 skiptist í tvennt, fræðilegt háskólanám (5A), sem tekur til hefðbundins náms til Bachelor- eða meistaraþráðu, og starfsmiðað háskólanám (5B) sem yfirleitt er styttra nám sem lýkur með diplómaþráðu. Efsta stigið í flokkuninni er doktorsstig, stig 6. Í þessu hefti er orðið háskólastig notað sem samheiti yfir bæði stig 5 og 6.

Í flokkunarkerfinu er nám sömuleiðis flokkað á svið eftir innihaldi. Sundurliðunin getur verið niður á einn staf (almenn svið), tvo stafi (afmörkuð svið), þrjú stafi (einstök svið) eða fjóra stafi (námsbrautir). Nánari upplýsingar um flokkunina má finna á heimasíðu Hagstofu Íslands (www.hagstofa.is/pages/1881).

Hver er nýnemi?

Nýnemar eru þeir sem ekki hafa áður stundað nám á háskólastigi

Nýnemar á háskólastigi eru skilgreindir sem þeir nemendur sem stunda nám á háskólastigi á Íslandi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands og hafa ekki áður stundað nám á sama skólastigi frá upphafi nemendaskrár Hagstofunnar. Nýnemi er ekki það sama og nemandi á 1. ári. Nýnemar eru oftast jafnframt nemendur á 1. ári en 1. árs nemar eru ekki endilega nýnemar. Þannig eru t.d. nemendur í hlutanámi gjarnan lengur en eitt ár að ljúka námsefni á 1. ári námsins sem þeir stunda. Auk þess að skoða nýnema á öllu háskólastiginu er hægt að skoða nýnema á undirstigum háskólastigs, s.s. nýnema í fræðilegu háskólanámi (stigi 5A), starfsmiðuðu háskólanámi (stigi 5B) eða á doktorsstigi (stigi 6). Þá eru aðeins taldir þeir nemendur sem eru skráðir í nám á viðkomandi undirstigi í fyrsta skipti. Nýnemar á doktorsstigi eru í fæstum tilvikum jafnframt nýnemar á öllu háskólastiginu, nema að þeir hafi stundað grunnnám á háskólastigi erlendis.


Nýnemum á háskólastigi hefur fjölgað mjög frá árinu 1997

Nýnemum hefur fjölgað um rúm 70% frá 1997

Haustið 1997 voru nýnemar á háskólastigi á Íslandi 1.979 talsins (tafla 1). Tíu árum síðar, haustið 2007, hefur nýnemum fjölgað um 1.400, eða 70,7% og eru 3.379 talsins (mynd 1). Bráðabirgðatölur fyrir haustið 2008 sýna enn meiri fjölgun nýnema. Áætlað er að nýnemar á háskólastigi um miðjan október 2008 séu 3.667. Haustið 2007 voru allir nemendur á háskólastigi 16.630 og voru nýnemar því 20,3% allra nemenda á háskólastigi. Konur eru umtalsvert fleiri meðal nýnema, eða að jafnaði um 60% nýnemanna. Körlum hefur þó fjölgað hlutfallslega meira meðal nýnema frá hausti 1997, eða um 77,1%, á meðan konum fjölgaði um 66,9%. Fjölgun nýnema hefur þó ekki verið jöfn á þessu tímabili, heldur fjölgar þeim mikið haustið 1999 og síðan aftur árin 2002 og 2003. Hugsanlega má tengja fjölgun nýnema haustið 1999 við framboð á nýjum námsbrautum á háskólastigi, svokölluðu stuttu, hagnýtu námi, sem tekur að jafnaði 1,5 ár í fullu námi. Á þessu tímabili hefur framboð á námi til meistaraþráðu sömuleiðis aukist mikið á Íslandi en áður fóru flestir nemendur á meistaraþráðu til útlanda til að stunda nám. Nemendum á meistaraþráðu fjölgaði sérstaklega mikið á árunum 2002–2004. Þá hefur framboð á námsleiðum, sem stunda má í fjarnámi, aukist töluvert á þessu tímabili.

Mynd 1. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi 1997–2007

Figure 1. New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) 1997–2007




Flestir nýnemar eru 20–24 ára

Einn af hverjum tíu nýnemum á háskólastigi er 40 ára eða eldri

Algengasti aldur nýnema á háskólastigi á Íslandi er 20 eða 21 ár. Haustið 2007 voru svo til jafnmargir nýnemar 20 og 21 árs, 615 og 611 talsins, en árin þar á undan voru flestir nýnemar tvítugir. Nálægt 40% nýnema á ári hverju eru 21 árs eða yngri (tafla 2) og haustið 2007 voru um 2.000 nýnemar á aldursbilinu 20–24 ára (mynd 2). Athygli vekur að um einn af hverjum tíu nýnemum á háskólastigi er 40 ára og eldri þegar þeir hefja háskólanám, eða 340 nýnemar haustið 2007. Konur eru fleiri en karlar meðal nýnema í öllum aldursflokkum. Þær eru tveir af hverjum þremur nýnemum sem eru yngri en 20 ára og sömuleiðis af nýnemum 35 ára og eldri. Minnstur munur á milli kynjanna haustið 2007 er við 28 ára aldur, þar sem konur eru 53,1% nýnema.

Mynd 2. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir aldri og kyni 2007

Figure 2. New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by age and sex 2007



Stærstur hluti nýnema býr í Reykjavík

Nýnemar eru helst búsettir þar sem háskóla er að finna

Það kemur ekki á óvart að nýnemar á háskólastigi haustið 2007 eru flestir búsettir í Reykjavík. Þar búa 1.517 nýnemar og á höfuðborgarsvæðinu í heild búa 2.270 eða tveir af hverjum þremur nýnemum. Ef búseta nýnema er borin saman við fjölda tvítugra á sama tíma má sjá að hæst hlutfall nýnema er að finna á svæðum þar sem háskóla er að finna (tafla 3). Í Reykjavík eru nýnemar rúmlega 101% miðað við fjölda tvítugra í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur er hlutfallið 70,0%. Á Vesturlandi er hlutfall nýnema 71,9% af tölu tvítugra en þar eru tveir háskólar. Á Norðurlandi eystra er hlutfallið 63,8% en þar er að finna Háskólann á Akureyri. Á öðrum landsvæðum er hlutfallið undir 60%. Þess ber að geta að nemendur flytja gjarnan lögheimili sitt þangað sem háskólinn er staðsettur þegar þeir fara í nám til þess að eiga rétt á húsaleigubótum og annarri félagslegri þjónustu, svo sem leikskólarýmum.

Fjöldi nýnema í fræðilegu háskólanámi hefur tvöfaldast frá 1997

Flestir nýnemar stunda fræðilegt háskólanám

Fram til þessa hefur verið fjallað um nýnema, sem hefja nám á háskólastigi í fyrsta sinn á Íslandi. Einnig má skoða nýnema eftir einstökum undirstigum á háskólastigi, þ.e. í fræðilegu háskólanámi (ISCED 5A), í starfsmiðuðu háskólanámi (ISCED 5B) og námi til doktorsgráðu (ISCED 6). Nýnemi á doktorsstigi hefur í flestum tilvikum stundað fræðilegt háskólanám áður en hann hefur doktorsnám og er því ekki nýnemi á háskólastiginu þegar á heildina er litið. Nokkur fjöldi nemenda hefur nám á háskólastigi í starfstengdu námi, en heldur síðan áfram fræðilegu háskólanámi að því loknu. Þessir nemendur eru því fyrst nýnemar í starfstengdu háskólanámi og seinna í fræðilegu háskólanámi.

Á Íslandi stundar bróðurpartur háskólanema fræðilegt háskólanám og eru nýnemar jafnframt langflestir í fræðilegu háskólanámi (tafla 4). Haustið 2007 voru nýnemar í fræðilegu háskólanámi 3.332, í starfstengdu háskólanámi 333 og 83 í doktorsnámi. Konur eru 61,7% nýnema í fræðilegu háskólanámi haustið 2007 og eru rúmlega 60% nýnema flest árin frá 1997. Fjöldi nýnema í fræðilegu háskólanámi hefur rúmlega tvöfaldast frá haustinu 1997 þegar þeir voru 1.601. Á hinn bóginn hefur nýnemum í starfstengdu háskólanámi fækkað um 297 á þessu tímabili, enda hefur ýmsum námsleiðum á þessu stigi verið breytt í fræðilegt háskólanám, t.d. ýmsu listnámi. Jafnframt eru talsverðar sveiflur í fjölda karla og kvenna í þessu námi; sum árin eru karlar talsvert fleiri og önnur árin konur. Nýnemum í doktorsnámi hefur fjölgað áttfalt, frá 10 haustið 1997 í 83 haustið 2007. Síðustu árin hefur verið lítill munur á fjölda karla og kvenna meðal nýnema á doktorsstigi.


Nýnemar velja helst félagsvísindi, viðskiptafræði og lögfræði

Konur eru meirihluti nýnema á flestum sviðum nema í verkfræði og raunvísindum

Rúmlega þriðjungur nýnema stundar nám í félagsvísindum, viðskiptafræði eða lögfræði (mynd 3). Konur eru í meirihluta meðal nýnema á öllum sviðum nema í verkfræði, framleiðslu og mannvirkjagerð, þar sem þær eru 35,9% nýnema, og í raunvísindum, stærðfræði og tölvunarfræði, þar sem þær eru 36,8% nýnema. Fæsta karla er að finna meðal nýnema innan sviðs menntunar og í heilbrigðisgreinum þar sem þeir eru 18,8% og 19,5% nýnema. Í töflu 5 má sjá nýnema eftir afmörkuðum sviðum, sem er finna niðurbrot en á mynd 3. Þá má sjá að vígi karlanna er sterkast meðal nýnema í tölvunarfræði, þar sem þeir eru 85,6% nýnema, en konurnar eru hlutfallslega flestar í fjölmiðla- og upplýsingafræði, 93,8% nýnema.

Mynd 3. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir almennu sviði 2007

Figure 3. New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by broad field 2007



Notes: 1 Education; 2 Humanities and arts; 3 Social sciences, business and law; 4 Sciences, mathematics and computing; 5 Engineering, manufacturing and construction; 6 Agriculture and veterinary; 7 Health and welfare; 8 Services.


Erlendum nýnemum hefur fjölgað fimmfalt frá 1997

Fjórði hver nýnemi í doktorsnámi 2007 er erlendur ríkisborgari

Fjöldi nýnema, sem eru erlendir ríkisborgarar, hefur fimmfaldast á árunum 1997 til 2007 (mynd 4, tafla 6). Haustið 1997 var 101 erlendur ríkisborgari í hópi nýnema en voru 518 haustið 2007. Erlendir ríkisborgarar teljast vera nýnemar á háskólastigi þegar þeir hefja nám á háskólastigi á Íslandi enda þótt þeir hafi áður stundað nám í heimalandinu. Langflestir erlendir ríkisborgarar eru nýnemar í fræðilegu háskólanámi en þó vekur athygli vaxandi hluti útlendinga sem stundar doktorsnám á Íslandi. Haustin 1997 og 1998 var enginn útlendingur í hópi nýnema á doktorsstigi en þeir voru 2 haustið 1999. Haustið 2007 eru 23 erlendir ríkisborgarar meðal nýnema í doktorsnámi á Íslandi sem þýðir að rúmlega fjórði hver nýnemi í doktorsnámi er útlendingur.

Mynd 4. Erlendir nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi 1997–2007


Figure 4. Foreign new entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) 1997–2007



Langflestir erlendir nýnemar eru frá Evrópu og þar af eru flestir af Evrópska efnahagssvæðinu (mynd 5, tafla 7). Haustið 2007 voru 82,8% allra erlendra nýnema frá Evrópu og 78,2% nýnema frá löndum innan Evrópska efnahagsvæðisins. Evrópusambandið hefur hvatt til stúdentaskipta og styrkt háskólanema til þess að taka hluta náms síns í öðru Evrópulandi. Jafnframt er á Evrópska efnahagsvæðinu unnið að samræmingu háskólagráða og eininga til að auðvelda háskólanemum að fara á milli landa til náms. Haustið 2007 komu 40 nýnemar frá Asíu til að stunda nám á Íslandi og 28 frá Norður-Ameríku.

Mynd 5. Erlendir nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir álfu 2007

Figure 5. Foreign new entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by continent 2007



Nýnemar eru mun fleiri en brautskráðir stúdentar


Rúmur þriðjungur nýnema hefur ekki lokið stúdentsprófi á Íslandi frá skólaárinu 1995–1996

Undanfarin ár hafa um 2.500 stúdentar brautskráðst árlega með stúdentspróf frá íslenskum framhaldsskólum. Frá skólaárinu 1998–1999 hafa fleiri nýnemar innritað sig náms á háskólastigi en hafa útskrifast með stúdentspróf skólaárið á undan. Þessir nýnemar eru ýmist nemendur sem hafa lokið stúdentsprófi áður án þess að fara í háskólanám á Íslandi, eða nemendur sem eru teknir inn í háskóla án þess að hafa lokið stúdentsprófi. Hluti nýnema á háskólastigi eru útlendingar, sem ekki hafa sótt framhaldsskóla á Íslandi.

Nánari skoðun leiðir í ljós að af 3.379 nýnemunum haustið 2007 höfðu 1.096 lokið stúdentsprófi á Íslandi skólaárið 2006–2007. Alls höfðu 2.116 nýnemar haustið 2007 lokið stúdentsprófi á Íslandi frá upphafi prófaskrár Hagstofu Íslands um mitt ár 1995 fram til 1. nóvember 2007. Þá standa eftir 1.263 nýnemar eða 37,4% nýnema haustið 2007, sem ekki hafa lokið stúdentsprófi á Íslandi frá miðju ári 1995, og hafa því verið teknir inn í háskóla vegna eldra stúdentsprófs eða á grundvelli annars náms sem þeir hafa lokið. Af þessum hópi eru 507 erlendir ríkisborgarar (tafla 8). Aldursdreifing þessa hóps sýnir að rúmur helmingur erlendu ríkisborgaranna er á aldrinum 20–24 ára (mynd 6). Íslendingarnir eru hins vegar fleiri í aldurshópnum 25 ára og eldri og er aldurshópurinn 40–49 ára stærstur. Ætla má að hluti þeirra íslensku nýnema sem eru eldri en 30 ára, hafi lokið stúdentsprófi fyrir upphaf prófaskrár Hagstofu Íslands um mitt ár 1995.

Mynd 6. Nýnemar 2007 sem ekki hafa lokið stúdentsprófi á Íslandi 1995–2007

Figure 6. New entrants 2007 who have not completed the matriculation exam in Iceland 1995–2007



Nettó innritunarhlutfall nýnema


Haldist núverandi aldursskipting nýnema er líklegt að 74,6% ungs fólks stundi háskólanám

Nettó innritunarhlutfall er reiknað þannig að fundið er hlutfall nýnema eftir aldri af mannfjölda á sama aldri og síðan er hlutfallið lagt saman fyrir alla aldurshópa. Nettó innritunarhlutfall sýnir hlutfall nýnema af aldurshópi fyrir hvert aldursár fyrir sig, og er þess vegna ekki háð því við hvaða aldur er miðað þegar hlutfall nýnema af íbúafjöldanum er reiknað. Innritunarhlutfallið var 74,6% haustið 2007, 94,3% fyrir konur og 56,3% fyrir karla (tafla 9). Hlutfallið gefur vísbendingu um hlutfall ungs fólks sem stundar háskólanám í framtíðinni ef núverandi hlutfall nýnema eftir aldri helst óbreytt. Þetta háa innritunarhlutfall á Íslandi skýrist að hluta til af fjölda eldri háskólanema. Svo hátt innritunarhlutfall mun því væntanlega ekki haldast til lengdar þar sem fjöldi eldra fólks sem aldrei hefur stundað háskólanám er takmarkaður.

Nettó innritunarhlutfallið hefur breyst á svipaðan hátt og fjöldi nýnema á árunum frá 1997 til 2007 (mynd 7, borin saman við mynd 1). Hlutfallið hækkar árið 1999 og síðan aftur árin 2002 og 2003 og var hæst 82,2% árið 2003. Það ár var nettó innritunarhlutfall 104,9% meðal kvenna en 60,0% meðal karla.

Mynd 7. Nettó innritunarhlutfall á háskólastigi og doktorsstigi eftir kyni 1997–2007

Figure 7. Net entry rate at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by sex 1997–2007



Íslenskir nýnemar eru fleiri og eldri en í OECD-ríkjunum

Helmingur íslenskra nýnema er eldri en 23 ára

Nýnemar á háskólastigi eru að jafnaði eldri á Íslandi en í öðrum OECD-ríkjum. Þannig er miðgildi fyrir aldur nýnema í fræðilegu háskólanámi á Íslandi haustið 2005 23,2 ár, þ.e. helmingur nýnema er eldri en þetta við upphaf fræðilegs háskólanáms. Í 10 OECD-ríkjum er miðgildi aldurs nýnema undir 20 árum. Það er aðeins í Danmörku og Svíþjóð sem miðgildið er yfir 22 árum, auk Íslands.

Í riti OECD, *Education at a Glance 2008: OECD Indicators* (útgefin í París 2008), er nettó innritunarhlutfall í fræðilegu háskólanámi skólaárið 2005–2006 í OECD-ríkjunum borið saman. Þar er hlutfallið næsthæst á Íslandi, 78%. Hæst er hlutfallið í Ástralíu, 84%, en í Ástralíu stundar fjöldi erlendra háskólanemenda nám, sem hefur áhrif til hækkunar á innritunarhlutfallið. Pólland, Finnland og Svíþjóð fylgja fast á eftir Íslendingum en meðaltalið fyrir OECD-ríkin er 56%. Þetta háa innritunarhlutfall á Íslandi gefur vísbendingu um að aðgengi að háskólanámi sé gott.

Fjöldi endurskráðra nemenda hefur þrefaldast frá hausti 1997

Fjöldi endurskráðra nemenda sem snýr aftur til meistaranáms hefur nífaldast frá 1997


Endurskráðir nemar eru þeir sem hafa hafið nám að nýju á háskólastigi eða doktorsstigi á Íslandi eftir að hafa tekið sér námshlé í a.m.k. eitt skólaár frá námi á háskólastigi eða doktorsstigi samkvæmt nemendaskrá Hagstofu Íslands. Tölur eru miðaðar við mitt haustmisseri og ná til nemenda sem hafa verið skráðir í nám á háskólastigi frá upphafi nemendaskrár Hagstofunnar. Ekki er tekið tillit til þess hvort nemendur hafa lokið námi í millitíðinni og séu að hefja framhaldsnám á meistarastigi eða til doktorsgráðu eða að bæta við sig námi á grunnstigi háskólanáms, heldur eru allir endurskráðir nemendur taldir. Þá geta nemendur verið taldir oftast en einu sinni í tölunum, ef þeir byrja og hætta námi oftast en einu sinni á tímabilinu. Þeir eru þó aðeins taldir einu sinni á hverju ári.

Endurskráðir nemendur voru 2.754 talsins haustið 2007 og hafði fjölgað ár frá ári, frá 1997 að undanskildu árinu 2004 (mynd 8). Fjöldi endurskráðra nemenda hefur meira en þrefaldast frá haustinu 1997, tæplega fjórfaldast meðal kvenna og tæplega þrefaldast meðal karla (tafla 10). Konur eru að jafnaði um tvær af hverjum þremur endurskráðum nemendum á árunum 1997–2007 en voru 70,2% þeirra haustið 2007.

Nánari skoðun leiðir í ljós að flestir endurskráðir nemendur eru að fara í nám til grunnprófs á háskólastigi, s.s. Bachelor-gráðu (tafla 11). Alls er 1.591 nemandi að snúa aftur til náms sem leiðir til grunnprófs. Á þessu 10 ára tímabili fjölga ört þeim endurskráðu nemendum sem sækja nám til meistara-gráðu. Þeir voru 117 haustið 1997 en 1.055 tíu árum síðar; níu sinnum fleiri.

Mynd 8. Endurskráðir nemar á háskólastigi og doktorsstigi 1997–2007

Figure 8. Re-entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) 1997–2007




Endurskráðum nemendum fjölga mest í elstu aldersflokkunum

Konur eru 75% endurskráðra nemenda 35 ára og eldri

Endurskráðir nemendur eru að jafnaði eldri en nýnemar, enda hafa þeir áður stundað nám á háskólastigi (tafla 12). Konur eru að jafnaði fleiri en karlar í öllum aldersflokkum og munar mestu í elstu aldersflokkunum (mynd 9). Konur eru þrjár af hverjum fjórum endurskráðum nemendum í aldurshópunum 35 ára og eldri haustið 2007. Þá hefur fjölgun á endurskráðum nemendum verið mest í elstu aldersflokkunum. Konum meðal endurskráðra nemenda, sem eru 40 ára og eldri, hefur fjölgað sexfalt á árunum 1997–2007 en körlum á sama aldri fimmfalt. Á sama tíma hefur endurskráðum nemendum sem eru 26–27 ára fjölgað 2,5 sinnum.

Mynd 9. Endurskráðir nemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir aldri og kyni 2007

Figure 9. Re-entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by age and sex 2007



English summary

New entrants at the tertiary level in Iceland were 3,379 in the autumn of 2007. Their number had increased by 70.7% since the autumn of 1997. Provisional data for the autumn of 2008 indicate that the number of new entrants is 3,667, more than any year since 1997. New entrants are students enrolled at the tertiary or doctorate level in Iceland for the first time according to the Statistics Iceland student register. The number of new entrants increased considerably in the autumn of 1999 and again in 2002 and 2003. Around 2,500 students graduate annually from Icelandic upper secondary schools with the matriculation examination, which grants admission to tertiary education. Thus, the number of new entrants is higher than the number of graduates with the matriculation exam. Women are approximately 60% of new entrants on average. Around 40% of new entrants were 21 years old and younger while one in ten was 40 years old or older at the start of tertiary education. If the current age-specific entry rates continue it can be estimated that 74,6% of young people will enter tertiary education. There were 3,332 new entrants to academically oriented programmes at ISCED level 5A, 333 to occupationally oriented programmes at level 5B and 83 at the doctorate level. The number of new entrants at the doctorate level in Iceland has increased eight times since the autumn of 1997, when they were 10. More than one-third of new entrants study in the fields of social sciences, business or law. The number of foreign new entrants in Icelandic universities has increased five times since the autumn of 1997. They are one in four new entrants at the doctorate level and mostly come from the countries of the European Economic Area. There were 2,754 re-entrants in the autumn of 2007, three times their number in 1997. Re-entrants are students who have returned to tertiary education after having taken a study break of at least one school year. Most re-entrants return to programmes at the first level of tertiary education. Re-entrants at the Master's level in the autumn of 2007 were 1,055, nine times their number in the autumn of 1997.

Tafla 1. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi 1997–2007Table 1. *New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) 1997–2007*

Ár Year				Hlutfall Percent		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
1997	1.979	748	1.231	100,0	37,8	62,2
1998	2.181	811	1.370	100,0	37,2	62,8
1999	2.832	1.103	1.729	100,0	38,9	61,1
2000	2.703	1.008	1.695	100,0	37,3	62,7
2001	3.067	1.154	1.913	100,0	37,6	62,4
2002	3.589	1.314	2.275	100,0	36,6	63,4
2003	3.576	1.330	2.246	100,0	37,2	62,8
2004	3.292	1.223	2.069	100,0	37,2	62,8
2005	3.268	1.309	1.959	100,0	40,1	59,9
2006	3.130	1.223	1.907	100,0	39,1	60,9
2007	3.379	1.325	2.054	100,0	39,2	60,8

Tafla 2. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir kyni og aldri 1997–2007Table 2. *New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by sex and age 1997–2007*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Alls Total	1.979	2.181	2.832	2.703	3.067	3.589	3.576	3.292	3.268	3.130	3.379
Yngri en 20 ára <i>Younger than 20</i>	28	25	30	45	44	42	51	55	79	89	78
20 ára <i>years</i>	342	426	622	617	640	729	704	691	650	626	615
21 árs <i>years</i>	436	465	564	529	538	617	596	556	563	552	611
22 ára <i>years</i>	297	295	364	294	361	374	356	328	352	332	331
23 ára <i>years</i>	149	163	241	183	205	225	253	247	235	230	227
24 ára <i>years</i>	125	128	159	140	146	182	206	173	173	167	204
25 ára <i>years</i>	83	74	131	105	106	168	175	138	187	136	144
26 ára <i>years</i>	61	66	84	85	97	121	131	115	122	110	112
27 ára <i>years</i>	39	44	63	69	83	113	108	91	77	111	106
28 ára <i>years</i>	32	33	46	64	54	88	84	86	70	62	96
29 ára <i>years</i>	18	26	46	52	60	73	81	83	68	62	78
30–34 ára <i>years</i>	109	125	150	161	229	262	291	242	237	219	263
35–39 ára <i>years</i>	87	94	127	107	178	204	189	161	143	138	174
40 ára og eldri <i>years and older</i>	173	217	205	252	326	391	351	326	312	296	340

Tafla 3. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir kyni og lögheimili 2007Table 3. *New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by sex and domicile 2007*

	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Sem hlutfall af fjölda tvítugra <i>As percent of 20-year-olds</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls Total	3.379	1.325	2.054	78,6	58,4	101,2
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	2.270	944	1.326	88,2	70,1	108,2
Reykjavík	1.517	634	883	101,3	81,5	122,6
Útan Reykjavíkur <i>Excluding Reykjavík</i>	753	310	443	70,0	54,5	87,5
Suðurnes <i>Southwest</i>	179	65	114	59,1	41,4	78,1
Vesturland <i>West</i>	159	53	106	71,9	44,9	102,9
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	68	22	46	55,3	29,3	95,8
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	65	23	42	59,1	37,7	85,7
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	275	96	179	63,8	41,2	90,4
Austurland <i>East</i>	89	29	60	53,9	36,7	69,8
Suðurland <i>South</i>	171	51	120	46,1	25,9	69,0
Erlendis <i>Abroad</i>	103	42	61	•	•	•

Skýringar Notes: Miðað er við lögheimili nemenda og íbúafjölda í þjóðskrá 1. desember 2007. *Students' domicile and population in the national population register on 1st December 2007.*

Tafla 4. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir kyni og stigi 1997–2007Table 4. *New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by sex and level 1997–2007*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Alls á háskóla- og doktorsstigi											
Total ISCED 5 and 6	1.979	2.181	2.832	2.703	3.067	3.589	3.576	3.292	3.268	3.130	3.379
Karlur <i>Males</i>	748	811	1.103	1.008	1.154	1.314	1.330	1.223	1.309	1.223	1.325
Konur <i>Females</i>	1.231	1.370	1.729	1.695	1.913	2.275	2.246	2.069	1.959	1.907	2.054
Fræðilegt háskólanám alls											
ISCED 5A, total	1.601	2.284	2.771	2.610	3.166	3.626	3.583	3.339	3.380	3.157	3.332
Karlur <i>Males</i>	617	741	1.025	938	1.194	1.312	1.306	1.223	1.311	1.214	1.276
Konur <i>Females</i>	984	1.543	1.746	1.672	1.972	2.314	2.277	2.116	2.069	1.943	2.056
Starfsmiðað háskólanám alls											
ISCED 5B, total	630	399	410	420	372	372	335	310	172	130	333
Karlur <i>Males</i>	237	207	227	232	194	191	176	154	111	73	145
Konur <i>Females</i>	393	192	183	188	178	181	159	156	61	57	188
Doktorsstig alls ISCED 6, total	10	8	12	29	16	21	24	70	60	62	83
Karlur <i>Males</i>	8	6	8	17	4	11	7	29	26	30	41
Konur <i>Females</i>	2	2	4	12	12	10	17	41	34	32	42

Skýringar Notes: Ekki er hægt að leggja saman fjölda nýnema á stigum 5A, 5B og 6 til að fá út heildarfjölda nýnema á stigum 5 og 6, þar sem þá eru sumir nýnemar tvítaldir. *New entrants at ISCED 5A, 5B and 6 can not be added to find new entrants at ISCED 5 and 6, as that would result in a double count of some entrants.*

Tafla 5. Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir kyni og afmörkuðu sviði 2007Table 5. *New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by sex and narrow field 2007*

	Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Hlutfall <i>Percent</i>		
				Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	3.379	1.325	2.054	100,0	39,2	60,8
14 Kennaranám og menntunarfræði <i>Teacher training and educational science</i>	512	96	416	100,0	18,8	81,3
21 Listir <i>Arts</i>	151	42	109	100,0	27,8	72,2
22 Hugvísindi <i>Humanities</i>	413	136	277	100,0	32,9	67,1
31 Félags- og atferlsvísindi <i>Social and behavioural science</i>	390	130	260	100,0	33,3	66,7
32 Fjölmiðla- og upplýsingafræði <i>Journalism and information</i>	16	1	15	100,0	6,3	93,8
34 Viðskipti og stjórnun <i>Business and administration</i>	542	270	272	100,0	49,8	50,2
38 Lögfræði <i>Law</i>	243	104	139	100,0	42,8	57,2
42 Lífvísindi <i>Life science</i>	92	30	62	100,0	32,6	67,4
44 Eðlisvísindi <i>Physical science</i>	95	60	35	100,0	63,2	36,8
46 Stærðfræði og tölfraði <i>Mathematics and statistics</i>	31	23	8	100,0	74,2	25,8
48 Tölvunarfræði <i>Computing</i>	111	95	16	100,0	85,6	14,4
52 Verkfræði og tækni <i>Engineering and engineering trades</i>	266	181	85	100,0	68,0	32,0
54 Framleiðsla og vinnsla <i>Manufacturing and processing</i>	8	2	6	100,0	25,0	75,0
58 Arkitektúr og byggingar <i>Architecture and building</i>	116	67	49	100,0	57,8	42,2
62 Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar <i>Agriculture, forestry and fishery</i>	38	17	21	100,0	44,7	55,3
72 Heilbrigði <i>Health</i>	246	51	195	100,0	20,7	79,3
76 Félagsþjónusta <i>Social services</i>	52	7	45	100,0	13,5	86,5
81 Einstaklingsþjónusta <i>Personal services</i>	55	12	43	100,0	21,8	78,2
84 Flutningaþjónusta <i>Transport services</i>	2	1	1	100,0	50,0	50,0

Skýringar Notes: Nám er flokkað samkvæmt afmörkuðum sviðum alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar ISCED97 (ÍSNAÐM2008). Programmes are classified according to narrow fields in the international classification of education, ISCED97.

Tafla 6. Erlendir nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir stigi 1997–2007Table 6. *Foreign new entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by level 1997–2007*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Fjöldi <i>Number</i>											
Alls á háskóla- og doktorsstigi <i>Total ISCED 5 and 6</i>	101	105	274	266	291	361	384	380	458	509	518
Fræðilegt háskólanám <i>ISCED 5A</i>	88	97	271	257	288	354	383	376	455	501	499
Starfsmiðað háskólanám <i>ISCED 5B</i>	16	8	6	7	9	7	7	4	1	1	9
Doktorsstig <i>ISCED 6</i>	–	–	2	4	–	3	4	10	9	12	23
Hlutfall af öllum nýnemum <i>Percent of all new entrants</i>											
Alls á háskóla- og doktorsstigi <i>Total ISCED 5 and 6</i>	5,1	4,8	9,7	9,8	9,5	10,1	10,7	11,5	14,0	16,3	15,3
Fræðilegt háskólanám <i>ISCED 5A</i>	5,5	4,2	9,8	9,8	9,1	9,8	10,7	11,3	13,5	15,9	15,0
Starfsmiðað háskólanám <i>ISCED 5B</i>	2,5	2,0	1,5	1,7	2,4	1,9	2,1	1,3	0,6	0,8	2,7
Doktorsstig <i>ISCED 6</i>	–	–	16,7	13,8	–	14,3	16,7	14,3	15,0	19,4	27,7

Skýringar Notes: Ekki er hægt að leggja saman fjölda nýnema á stigum 5A, 5B og 6 til að fá út heildarfjölda nýnema á stigum 5 og 6, þar sem þá eru sumir nýnemar tvítaldir. *New entrants at ISCED 5A, 5B and 6 can not be added to find new entrants at ISCED 5 and 6, as that would result in a double count of some entrants.*

Tafla 7. Erlendir nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir álfu 1997–2007Table 7. *Foreign new entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by continent 1997–2007*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Alls Total	101	105	274	266	291	361	384	380	458	509	518
Afríka <i>Africa</i>	–	–	1	5	5	5	–	5	5	5	7
Asía <i>Asia</i>	5	4	17	11	15	16	21	18	24	28	40
Evrópa <i>Europe</i>	79	89	224	226	233	294	314	317	375	421	429
Þar af EES-lönd <i>Thereof EEA countries</i>	70	79	190	188	202	237	258	292	351	387	405
Eyjaálfa <i>Oceania</i>	–	–	–	–	1	2	4	3	–	6	3
Norður-Ameríka <i>North America</i>	11	10	27	22	30	38	37	32	46	41	28
Rómanska Ameríka og Karíbahaf <i>Latin America and the Caribbean</i>	6	2	5	1	5	6	8	5	8	6	11
Ótilgreint eða ríkisfangslausir <i>Unknown or without citizenship</i>	–	–	–	1	2	–	–	–	–	2	–

Skýringar Notes: Miðað er við aðild að Evrópska efnahagssvæðinu á hverjum tíma. *The information on the European Economic Area refers to the member countries in the corresponding year.*

Tafla 8. Nýnemar haustið 2007 sem ekki hafa lokið stúdentsprófi á Íslandi 1995–2007Table 8. *New entrants in 2007 who have not completed the matriculation exam in Iceland 1995–2007*

Aldurshópur <i>Age group</i>	Hlutfall <i>Percent</i>				
	Alls <i>Total</i>	Erlendir ríkisborgarar <i>Foreign citizens</i>	Íslenskir ríkisborgarar <i>Icelandic citizens</i>	Erlendir ríkisborgarar <i>Foreign citizens</i>	Íslenskir ríkisborgarar <i>Icelandic citizens</i>
Alls Total	1.263	507	756	100,0	100,0
Yngri en 20 ára <i>Younger than 20</i>	16	7	9	1,4	1,2
20–24 ára <i>years</i>	361	289	72	57,0	9,5
25–29 ára <i>years</i>	286	140	146	27,6	19,3
30–34 ára <i>years</i>	164	31	133	6,1	17,6
35–39 ára <i>years</i>	135	20	115	3,9	15,2
40–49 ára <i>years</i>	197	18	179	3,6	23,7
50 ára og eldri <i>years and older</i>	104	2	102	0,4	13,5

Skýringar Notes: Nýnemar á háskólastigi og doktorsstigi haustið 2007 sem ekki hafa lokið stúdentsprófi á Íslandi frá 1. 7. 1995 til 1. 11. 2007 samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands. *New entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) in autumn 2007 who have not completed the matriculation examination in Iceland between 1. 7. 1995 and 1. 11. 2007 according to the Statistics Iceland register of graduations.*

Tafla 9. Nettó innritunarhlutfall á háskólastigi og doktorsstigi 1997–2007Table 8. *Net entry rate at the tertiary level (ISCED 5 and 6) 1997–2007*

Ár <i>Year</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
1997	47,8	35,7	60,3
1998	53,1	39,3	67,3
1999	68,7	53,1	84,7
2000	63,8	47,0	80,9
2001	70,5	52,3	88,9
2002	81,8	59,1	104,8
2003	82,2	60,0	104,9
2004	77,7	56,8	99,0
2005	76,8	60,8	93,3
2006	72,6	55,5	90,7
2007	74,6	56,3	94,3

Skýringar Notes: Nettó innritunarhlutfall er reiknað þannig að fundið er hlutfall nýnema eftir aldri af mannfjölda á sama aldri og síðan er hlutfallið lagt saman fyrir alla aldurshópa. *The net entry rate is computed by dividing the number of new entrants of a particular age by the population of the same age and then the rates are added up.*

Tafla 10. Endurskráðir nemar á háskólastigi og doktorsstigi 1997–2007Table 10. *Re-entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) 1997–2007*

Ár Year				Hlutfall Percent		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
1997	786	286	500	100,0	36,4	63,6
1998	869	286	583	100,0	32,9	67,1
1999	1.073	384	689	100,0	35,8	64,2
2000	1.080	372	708	100,0	34,4	65,6
2001	1.562	507	1.055	100,0	32,5	67,5
2002	1.895	663	1.232	100,0	35,0	65,0
2003	2.071	665	1.406	100,0	32,1	67,9
2004	1.981	646	1.335	100,0	32,6	67,4
2005	2.197	727	1.470	100,0	33,1	66,9
2006	2.236	714	1.522	100,0	31,9	68,1
2007	2.754	820	1.934	100,0	29,8	70,2

Tafla 11. Endurskráðir nemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir gráðu 1997–2007Table 11. *Re-entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by degree 1997–2007*

Ár Year	Grunndiplóma Intermediate diploma	Grunnpróf/Bachelor Diploma/Bachelor	Meistaragráða Master's degree	Doktorsgráða Ph.D.
1997	–	664	117	5
1998	–	763	101	5
1999	95	827	145	6
2000	79	845	133	23
2001	99	1.254	195	14
2002	71	1.414	387	23
2003	58	1.568	419	26
2004	43	1.384	482	72
2005	34	1.435	682	46
2006	39	1.461	682	54
2007	51	1.591	1.055	57

Tafla 12. Endurskráðir nemar á háskólastigi og doktorsstigi eftir kyni og aldri 1997–2007Table 12. *Re-entrants at the tertiary level (ISCED 5 and 6) by sex and age 1997–2007*

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Alls Total	786	869	1.073	1.080	1.562	1.895	2.071	1.981	2.197	2.236	2.754
Yngri en 22 ára <i>Younger than 22</i>	2	2	–	–	1	4	3	1	–	3	2
22 ára <i>years</i>	27	28	22	25	49	32	34	51	35	33	42
23 ára <i>years</i>	46	54	53	38	64	51	45	50	60	71	59
24 ára <i>years</i>	57	51	54	54	76	85	92	75	95	107	85
25 ára <i>years</i>	61	62	68	61	84	96	91	71	96	102	114
26 ára <i>years</i>	54	72	93	73	90	115	123	74	124	114	133
27 ára <i>years</i>	54	49	75	78	88	124	108	84	102	118	134
28 ára <i>years</i>	34	52	64	77	100	95	112	108	96	99	129
29 ára <i>years</i>	49	45	56	52	90	107	113	88	103	93	123
30–34 ára <i>years</i>	145	147	223	205	318	405	454	443	474	466	560
35–39 ára <i>years</i>	95	92	139	163	234	268	310	339	328	353	397
40 ára og eldri <i>years and older</i>	162	215	226	254	368	513	586	597	684	677	976

Hagtíðindi **Skólamál**
Statistical Series ***Education***

94. árg. • 20. tbl.
ISSN 0019-1078

2009:2
ISSN 1670-469X (prentútgáfa *print*) • ISSN 1670-4703 (vefútgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Sími *Telephone* (+354) 528 1000
Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099

Umsjón *Supervision* Ásta M. Urbancic • asta.urbancic@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series